



Hvað er JCB LiveLink og hvernig virkar það?

JCB LiveLink er hugbúnaður sem gerir eiganda vélarinnar kleift að fylgjast með vélinni sinni úr fjarlægð, allan sólarhringinn alla daga. LiveLink tölvun er tengd við netkerfi vélarinnar þar sem hún safnar saman upplýsingum frá fjölda skynjara og öðrum tölum í vélinni. Þessar upplýsingar eru sendar í öruggan gagnagrunn JCB og gerðar aðgengilegar fyrir eigandan.

Inná heimasíðu JCB LiveLink getur eigandi fengið margvíslegar upplýsingar um vélina í rauntíma, einnig getur kerfið sent upplýsingar sjálfkrafa gegnum tölvupóst eftir óskum eiganda.

Hvað gerir JCB LiveLink?

JCB LiveLink getur hjálpað þér að bæta nýtnina og fylgjast með vélinni í rauntíma. Flotastýring með upplýsingum sem berast stöðugt frá vélinni þinni, td:

- Vinnustundir vélar eða allra véla
- Viðvaranir sem bregðast þarf við
- Staðsetning á vélinni í rauntíma
- Viðhaldsskýrslur og tilkynningar
- Skýrslur um hægagang
- Skýrslur um vinnutíma
- Skýrslur um eldsneytiseyðslu
- Eldsneytismagn
- Rauntíma viðvörðun um vandamál
- Skýrslur um atburði
- Samantektarskýrslur um vél eða vélar
- Rauntíma viðvörðun ef vél er notuð utan leyfðs vinnutíma
- Rauntíma viðvörðun ef vél er notuð utan leyfðs svæðis
- Sérniðnar skýrslur eftir óskum eiganda

Af hverju að nota JCB LiveLink?

Það eru margar góðar ástæður til að nota LiveLink, td:

- Það er einfalt í notkun.
- Það er öruggt og áreiðanlegt.
- Það er stutt af traustum aðila.
- Það fylgir vélinni eða er sett í eftirá.
- JCB umboðið getur skoðað og flett upp villukóðum í vélunum, hvar sem þær eru á landinu
- Auðveldar bilanaleit og styttir viðgerðartíma
- LiveLink Lite er hægt að setja aðrar vélar, tæki og bíla sem auðveldar yfirsýn yfir öll tækin þín.
- Er auðveldlega hægt að fá sendar upplýsingar úr kerfinu, sjálfkrafa og eftir hentugleika.

Hvaða vélar eru með LiveLink?

JCB vélar yfir 5 tonn, framleiddar eftir 2015 eru langflestar með JCB LiveLink. Margar eldri og stærri vélar eru einnig með JCB LiveLink.

Hver fær aðgang að JCB LiveLink?

Eigandi vélar með JCB LiveLink getur fengið aðgang að sinni vél eingöngu.

Hvernig fæ ég JCB LiveLink aðgang?

Ef þú átt vél með JCB LiveLink búnaði og langar að tengjast henni geturðu haft samband við Guðmund Sigurðsson, gummi@velfang.is og sótt um aðgang að LiveLink fyrir þína vél.